

Bláskógabyggð
Félagsheimilið, Aratungu
806 Selfoss

Garðabær, 1. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0028
SS

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna frístundabyggðar og 3 MW virkjunar í landi Bryggju – Umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Vísað er í tölvubréf frá Bláskógabyggð sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 11 júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felast skilgreiningar á frístundasvæði, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði fyrir virkjun í Tungufljóti, í landi Bryggju.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna breytingarinnar þann 5. janúar 2024. Í þeirri umsögn kom fram að Náttúrufræðistofnun teldi að meta þyrfti betur áhrif þeirrar áætluðu uppbyggingar sem breytingin felur í sér á fuglalíf m.a. innan svæðis sem vistgerðakort benti til að væri votlendi sem og í mó- og graslendi. Þá þyrfti að meta vandlega umhverfisáhrif af frekari virkjun í Tungufljóti á lífríki m.a. á fuglalíf s.s. straumendur en einnig aðrar tegundir sem og fiska og smádýralíf. Mikilvægt væri að kanna matsskyldu virkjunarinnar.

Í greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni er talað um allt að 4,5 MW virkjun sem er annað en fram kemur í nafni málsins inni á Skipulagsgátt. Þetta veldur nokkrum ruglingi. Fram kemur að send verði fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar og gefst þá tækifæri til að leggja betur mat á umhverfisáhrif virkjunarinnar sem er jákvætt. Mikilvægt er að við það tækifæri sé safnað góðum gögnum um náttúrufar áhrifasvæðis virkjunarinnar.

Eins og kom fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulags- og matslýsinguna hefur vöktun stofnunarinnar á straumöndum við Tungufljót milli 2017 og 2022 sýnt miklar sveiflur í varpi straumanda á svæðinu og að erfitt sé að álykta með vissu hvernig skerðing á vatnsrennsli í fljótinu hafi haft áhrif á viðveru og varpárangur straumanda við fljótið þar sem sú skerðing hefur átt sér stað. Frekari virkjun í fljótinu eykur þó líkur á að áhrifin verði meiri en það þyrfti að skoða vandlega. Einnig þyrfti að meta áhrif á aðrar tegundir eins og áður segir.

Fram kemur í greinargerð að unnið sé að kortlagningu votlendis í Bláskógabyggð og samkvæmt drögum að henni sé ekki að finna votlendi í landi Bryggju þrátt fyrir að það sé kortlagt á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar. Það er alls ekki útilokað að sleggja sé í vistgerðakortinu og Náttúrufræðistofnun hefur ekki gert athuganir á vettvangi eða hefur frekari gögn um gróðurfar innan jarðarinnar. Því væri áhugavert að fá upplýsingar um hvað kortlagning Bláskógabyggðar hafi leitt í ljós varðandi svæðið og hvernig gróðurfar þar sé að finna.

Í umfjöllun um umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að þar sem töluverð uppbygging verði heimiluð auk virkjunar í Tungufljóti, muni áhrif á ásýnd svæðisins verða mikil og áhrif á land og landslag eru metin neikvæð. Náttúrufræðistofnun tekur undir að það sé líkleg niðurstaða en frekari gögn um landslagsáhrifin myndu varpa skýrari ljósi á það og æskilegt væri við frekari skipulagsvinnu að koma fram með t.d. skýringarmyndir sem sýna




áhrifin. Áhrif á vatn eru metin neikvæð eða óviss og ljóst að í matskyldufyrirspurn um virkjunina þurfi að skoða þetta atriði betur. Sama á við um áhrif á dýralíf hvað varðar virkjunina en þau eru metin neikvæð eða óviss. Eins og kom fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulags- og matslýsingu þarf að kanna betur lífríki svæðisins þ.m.t. fuglalíf við Tungufljót og á áætluðu frístunda- og verslunar/þjónustusvæði. Er sveitarfélagið eindregið hvatt til þess í tengslum við t.d. deiliskipulagsgerð. Sama á við um gróðurfar en nýjar upplýsingar um gróður á svæðinu sem vísað er í þarf að koma betur á framfæri.

Almennar ábendingar Náttúrufræðistofnunar um möguleg áhrif uppbyggingar á fuglalíf og áhrif virkjunar á lífríki sem komu fram í umsögninni um skipulags- og matslýsinguna eiga enn við.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar varðandi æskilegar náttúrufarsrannsóknir og hefur einnig áhuga á að fá frekari upplýsingar um þá kortlagningu votlendis sem sveitarfélagið hefur staðið fyrir en víða í sveitarfélaginu eru verðmæt votlendissvæði með hátt verndargildi og sumum þeirra getur stafað ógn af landnotkun af ýmsum toga og mikilvægt að tryggt sé gott jafnvægi verndar og nýtingar þegar kemur að votlendi.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

